Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Kvennaathvarfinu, 16. júní 2020

Umsókn um styrk til sveitarfélaga á Norðurlandi eystra vegna opnunar kvennaathvars

Aðgengi íbúa á Norðurlandi eystra að þjónustu vegna ofbeldis breyttist verulega með tilkomu Bjarmahlíðar, þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, sem hóf starfsemi á síðasta ári og bættist þá við þjónustu Aflsins sem sinnt hefur þolendum ofbeldis um árabil. Konum sem þurfa að flýja heimili sín vegna ofbeldis stendur hins vegar einungis til boða að leita í neyðarathvarf Kvennaathvarfsins í Reykjavík og hefur það lengi verið draumur okkar í Kvennaathvarfinu að opna útibú á Akureyri og auka þannig þjónustu við þolendur ofbeldis á Norðurlandi.

Nú höfum við ákveðið að taka fyrsta skrefið í þessa átt en það felst í tilraunaverkefni um kvennaathvarf á Akureyri. Verkefnið felst í því að taka á leigju fjögurra herbergja íbúð í nágrenni við húsnæði Bjarmahlíðar og Aflsins og bjóða þar upp á sólarhringsþjónustu fyrir konur og börn þeirra sem ekki geta dvalið heima hjá sér vegna ofbeldis. Við hyggjumst opna seinni hluta ágúst 2020 og halda tilraunaverkefninu áfram út apríl 2021. Þegar líður að lokum tímabilsins leggjum við á ráðin um framhaldið en við sem komum að þessu verkefni erum þess fullviss að það leiði í ljós þörf fyrir kvennaathvarf á og hlökkum til að breyta tilraunaverkefni í framtíðarskipulag.

Rekstur athvarfsins verður á ábyrgð Samtaka um kvennaathvarf en verður samvinnuverkefni samtakanna, Bjarmahlíðar, Aflsins, Félagsmálaráðuneytis, Dómsmálráðuneytis og Akureyrarbæjar auk þess sem við treystum á að önnur sveitarfélög á Norðurlandi eystra taki þátt í verkefninu með okkur.

Áætlaður kostnaður vegna tilraunaverkefnis
Launakostnaður 7,7 mkr.
Húsnæðiskostnaður 2,5 mkr.
Annar rekstrarkostnaður 1,3 mkr.
Stofnkostnaður 0,8 mkr.

Samtals 12,3 mkr.

Áætlun um fjármögnun
Samtök um kvennaathvarf 7,7 mkr.
Sveitarfélög á Norðurlandi eystra 2,5 mkr.
Aðgerðaráætlun gegn ofbeldi 1,0 mkr.
Aðgerðarteymi gegn ofbeldi 1,1 mkr.

Samtals 12,3 mkr.

Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf óska ég hér með eftir styrk frá sveitarfélögum á Norðurlandi eystra til að mæta húsnæðiskostnaði athvarfsins á tilraunatímanum, alls 2,5 milljónir króna. Jafnframt er það ósk okkar að samstarf vegna tilraunaverkefnis sé fyrsta skrefið í framtíðarsamstarfi um rekstur kvennaathvarfs á Norðurlandi auk annarra skrefa í átt til aukinnar þjónustu við konur og börn sem búa við ofbeldi á svæðinu.

Með bestu kveðjum.
Fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf,
Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra